

Kennsluáætlun skólaárið 2020-2021

Samfélagsfræði í 9. bekk

Í samfélagsfræði eru 3 kennslustundir á viku í 9. bekk. Kennari er Tinna Hrönn Smáradóttir.

Vinnulag

Í samfélagsfræði er áhersla lögð á þátttöku nemenda í umræðum í tímum. Lesnir verða textar, í kennslustundum og heima og unnin verkefni upp úr þeim. Nemendur vinna sjálfstætt og í hópum að ákveðnum verkefnum. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í gagnrýnni hugsun, umræðum og hlustun.

Meginviðfangsefni vetrar er kennslubók í þjóðfélagsfræði „Á ferð um samfélagið“ ásamt öðru efni úr ýmsum áttum.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.	„Á ferð um samfélagið“ e. Garðar Gíslason Mannréttindasáttmálinn Ýmsir fræðsluþættir úr sjónvarpi, t.d. Hæpið og Transbörn.	Nemandi geti: - sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs. - aflað sér, hagnýtt ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.	Tímaverkefni Þáttaka í umræðum Verkefni og kynning/framsaga Próf

	Annað aukaefni úr ýmsum áttum.	• rökrætt mikilvæg hugtök sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni. • greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum. • gefið skýringar á og rökrætt gerð og þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta. • gert sér grein fyrir hlutverki og margbreytileika fjölskyldna og gagnkvæmum áhrifum innan hennar á mismunandi tímum og menningarsvæðum. • útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis. • útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands við umheiminn. • útskýrt og rökrætt hugmyndi rum velferðarsamfélagið og tengsl þess við stjórnmal, atvinnulíf og hugmyndastefnur. • greint hvernig stjórnmal og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.	
--	---------------------------------------	---	--

Hugarheimur: Sjálfsmynd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum		• hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi og búsetu, stjórnámálum og félagslegum aðstæðum, sögu og menningu, trúar- og lífsviðhorfum. • beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og útskýrt hvaða hlutverki þau þjóna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd. • vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar og hafi áræði til að móta eigin ímynd, lífsstíl og lífsskoðun á sjálfstæðan og ábyrgan hátt. • Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.	
Félagsheimur: Samskipti: hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.		• Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi hvers einstaklings til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta. • fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum • rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og gildismat, sýnt ábyrgð í samskiptum, umgengni og lífsháttum, m.a. með vísan til réttinda samkvæmt alþjóðasáttmálum	

		• komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra. • Rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi • Útskýrt gildi reglna í samskiptum manna á milli í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur	
--	--	---	--

Nemendur og foreldrar eru hvattir til að fylgjast með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Tinna Hrönn Smáradóttir